

DAGSKRÁRRIT PROGRAM GUIDE FREE COPY

GAY PRIDE



7.-12. ÁGÚST
HINSEGIN DAGAR
Í REYKJAVÍK
2012



Bókin
sem kom út
úr
skápnunum

UM LJÓÐABÓKINA

Kirkjan
á háfsbotni



Ásta Kristín Benediksdóttir

Árið 1959 kom út ljóðabók eftir óþekktan íslenskan höf-

und sem skýldi sér á bak við skáldanafnið Arnliði Álfgeir. Bókin, sem ber titilinn *Kirkjan á hafsbotni*, vakti þó nokkra athygli, og eins og gengur með bækur sem gefnar eru út undir dulnefni veltu menn vöngum yfir því hver höfundurinn væri. Það var þó ekki fyrr en 52 árum síðar, í desember 2011, að það varð opinbert að ljóðin – sem lýsa meðal annars harmþrunginni ást og sorg ljóðmælandans vegna þess að hann getur ekki verið með konunni sem hann þráir – eru í raun ekki eftir karlmann heldur konu.

Leyndarmálið upplýst

Um miðjan desember 2011 barst ljóðabókin *Kirkjan á hafsbotni* í tal í sjónvarpsþættinum *Kiljuni*. Bókin hafði þá verið nokkuð þekkt frá því hún kom út, að minnsta kosti meðal einlægs áhugafólks um bókmenntir. Einnig höfðu nokkur ljóð eftir Arnliða Álfgeir birst í safninu *Íslensk ljóð 1954–1963* sem gefið var út árið 1972. Í *Kiljuni* kom fram að talið væri að skáldið, Arnliði Álfgeir, hefði í raun verið Þórarinn Guðnason læknir sem nú er látinn. Tveimur dögum síðar, 16. desember, skrifaði sonur Þórarins, Freyr Þórarinsson, stutta grein í *Fréttablaðið* og skýrði frá því að faðir hans hefði ekki verið höfundurinn, heldur sjúklingur sem leitaði til hans og bað hann um að fara með handritið til útgefanda. Sjúklingurinn taldi sér ekki vera fært að fara sjálfur með handritið, því hann vildi ekki að það kæmist upp hver hann væri. „Það er vegna þess,“ hafði Þórarinn sagt, „að höfundurinn er ekki karlmaður heldur kona, gift þjóðkunnum manni, og hann veit ekkert um ást hennar til annarrar konu.“ Freyr segist ekki vita hver konan var, fremur en nokkur annar, því faðir hans hafi farið með þá vitneskju í grófina.

Fyrsta íslenska bókin um ástir kvenna?

Vitað er um afar fáar íslenskar bækur sem lýsa ástum kvenna á Íslandi fyrir 1970, þótt

vissulega verði að telja líklegt að þær séu til. Slíkar bækur getur verið erfitt að finna, því umfjöllunarefnið er oftar en ekki falið milli línanna, en ljóst er að eitt af verkefnum framtíðarinnar verður að koma auga á samkynja ástir og þrjár í bókmenntum sem ekki hafa hingað til verið skilgreindar hinsegin. Dagný Kristjánsdóttir skrifar um lesbíur í íslenskum bókmenntum í greininni „Hinsegin raddir“, sem birtist í *Skírni* haustið 2003, og bendir þar á að ekkert íslenskt heiti hafi

KIRKJAN Á HAFSBOTNI

*Þanið segl á sokknum sæ,
strönd þeirra ferða, er aldrei blutu byr.*

*Turn hennar er binn djúpi brunnur nætur,
hvar þorstanum vaxa varir til að berja vínið,
sem brýtur sér kaleik af steinum
og æðar um orðsins hljóð.*

*Myndin, sem fegurðin skar
úr auga þíns kviku, er altaristaflan.*

*Í kirkjunni á hafsbotni
kristallast gröfni líf,
því að dauðinn er ástin,
sem eilífðin ber til tímans.*

*Um hverfanda hvel
fer hún sigð, er safnar að hausti
fræjum þeim, er fæða sólunni vorid.*

*Segl varð mér sá brotsjór;
er sáði skipi mínu
í skeljar framandi sæva.*

*Því að kirkjan á hafsbotni
er óskabyrinn, er safnar
öllum þeim ferðum,
sem þú aldrei fóst,
und vængi ónumdra stranda.*

verið til yfir samkynhneigð kvenna fyrir en seint á 20. öld. Þótt ýmsar konur í íslenskum miðaldasögum séu „karlmannlegar“, ýmist vegna klæðaburðar eða óvenju mikils sjálfstæðis, tekst Dagnýju ekki að benda á neinar íslenskar bókmenntir um samkynhneigðar konur eða ástir kvenna fyrir en á 8. áratug 20. aldar. Þá voru það gagnkynhneigðir karlmenn sem tóku að sér að skrifa um veruleika lesbía, svo sem Guðlaugur Arason í skáldsögunni *Eldhúsmellur* (1978) og Jökull

Jakobsson í *Feilnótu í fimmtu synfóníunni* (1975). Á níunda og tíunda áratugnum hófu loks skáldkonur með Vigdísu Grímsdóttur og Kristínu Ómarsdóttur fremstar í flokki að skrifa bækur um hinsegin veruleika kvenna.

Sé saga Freys Þórarinssonar um höfundinn á bak við dulnefnið Arnliði Álfgeir sönn – sem engin ástæða er til að draga í efa – má segja að *Kirkjan á hafsbotni* sé komin út úr skápnum sem lesbísk ljóðabók. Hún er þá ein allra fyrsta íslenska bókin sem fjallar um ástir kvenna og þar af leiðandi afar merkilegur hluti af íslenski bókmenntasögu.

„Aldrei get ég orðið, það sem aðrir vilja sjá“

Það er á engan hátt undarlegt að lesandi *Kirkjunnar á hafsbotni* reikni umhugsunarlaust með því að skáldið sé karlmaður. Ekki aðeins er dulnefnið karlkyns heldur vísar ljóðmælandi endurtekið til sjálfs sín sem karlmanns: „Ég sit í hrauninu – sjálfur í álögum,“ segir hann og enn fremur: „Ég var einn“. Síðast en ekki síst er ástin fyrirferðarmikið þema í bókinni og yfirleitt er ljóst að sú ást beinist til konu – og þau gagnkynhneigðu samfélagsviðmið sem við lifum og hrærumst í gera vissulega fyrst og fremst ráð fyrir því að konur séu elskaðar af körlum og öfugt.

Kirkjan á hafsbotni skiptist í fimm hluta, hvern með sínu þema. Í fyrsta hlutanum eru ýmis ljóð er fjalla um ást, frið, fegurð, ævintýri og drauma. Annar hluti sker sig frá hinum fjórum því þemað þar er stríð og friður og pólitísk ádeila gegn stríði er greinileg. Í þriðja hluta eru ljóðin flest ástarjátningar og ávörp ljóðmælandans til konu eða kvenna. Í fjórða hluta ræður sorg og missir ríkjum; konan sem ástin beinist til er horfin og ástin er dauðadæmd. Í fimmta og síðasta hluta bókarinnar eru ljóðin einnig ástarljóð til konu en kominn er annar og kristinn undirtónn sem minnir á köflum á píslarvætti.

Þegar ljóðabókin er lesin með það í huga að skáldið sé kona er augljóst að meginþema hennar er „sú ást sem ei vogar að

nefna nafn sitt“, svo vitnað sé í ljóð Lord Alfreds Douglas sem notað var í réttarhöldum gegn elskhuga hans, Oscari Wilde. Ljóðin sem birtast hér með þessari grein standa sjálf fyrir sínu og segja allt sem segja þarf um þær tilfinningar og þá þjáningu sem skáldkonan óþekkt þurfti að lifa með. Eða með hennar eigin orðum: „Aldrei get ég orðið, / það sem aðrir vilja sjá. / Engum get ég sagt / mína innstu þrá.“

Synduga prinsessan Dahut

Hver svo sem skáldkonan var er ljóst að hún sótti vísanir víða, meðal annars í fornar evrópskar sagnir. *Kirkjan á hafsbotni* ber sama titil og píanóverk eftir franska tónskáldið Claude Debussy er nefnist á frummálinu *La cathédrale engloutie*, sem bókstaflega merkir „sokkna dómkirkjan“. Píanóverkið er byggt á fornri sögn um prinsessuna Dahut sem bjó í borginni Ys á strönd Brittaníu. Dahut lifði þar villtu lífi, skipulagði kynsvall og drap elskhuga sína að morgni. Að lokum gekk hún djöflinum á vald og sveik föður sinn, borgin sókk í sæ og Dahut sjálf var dæmd til útleigðar neðansjárvar þar sem hún breyttist í hafmeyju. Sögnin segir enn fremur að síðan megi heyra í kirkjuklukkum frá Ys og að borgin rísi úr sæ á björtum morgnum þegar sjórinn er sléttur og tær.

Annað ljóðið í *Kirkjunni á hafsbotni*, sem einnig er titilljóð hennar, er augljós tilvísun í þessa sögn. Í ljóðinu er kirkjan á hafsbotni staður uppfylltra drauma og óska og túlka má hana sem horfinn heim þar sem samkynja ástir og þrár geta, eða gátu, orðið að veruleika. Altaristaflan er fegurðin sem býr í augum ástkonunnar og þar bergja þyrstar varir vín. En þessi staður er horfinn sýn og þangað kemst fólk yfirleitt aðeins í huganum; kirkjan er „óskabyr“ fyrir ferðir sem aldrei eru farnar. Ljóðmælandinn hefur lent í brotsjó og skipi hans/hennar hefur verið sáð „í skeljar framandi sæva“ og það má líta svo á að hann/hún hafi komist til kirkjunnar á hafsbotni og fengið óskir sínar uppfylltar en hafi til þess orðið að fórna lífi sínu.

Útskúfun og neðansjárvarlíf

Lifnaðarhættir prinsessunnar Dahut voru fordæmdir af kristnum mönnum og þegar hún gekk loks djöflinum á vald var refsing

ÚTSKÚFUN

*Engan vin á sá,
sem verður að sýmast
annað en það, sem hann er.
Mörgum er illa við hann,
því að menn bata, það
sem þeir ekki þekkja,
og skilja ekki það,
sem þeir bata.*

*Einmana eins og eyra,
sem aldrei hefur beyrt
annað en orð,
svo er sú þrá,
sem þjáist til þagnar
í hvert sinn og hún kennir
djúpan hljóð.*

SYND

*Eitt sinn var hjarta mitt
umgerð um mynd.
Henni virtist ástin mín
óráð og synd.*

*Umgerðin er gölluð,
ástin mín synd.
Þó andar mér í brjósti
þín engilmynd.*

HLEKKIR

*Aldrei get ég orðum ausið
óska minna hyl.
Aldrei get ég lifað,
það eitt sem ég vil.
Aldrei get ég orðið,
það sem aðrir vilja sjá.
Engum get ég sagt
mína innstu þrá.*

hann/hún vildi helst. Með það í huga að kynlíf og ástarsambönd aðila af sama kyni hafa frá upphafi verið talin ein helsta synd kristinnar trúar er einnig rétt að benda á tengsl ljóðabókarinnar við frásögn Fyrstu Mósebókar af því þegar Guð eyddi borgunum Sódómu og Gómorru vegna syndsamlegs líferniss (og samkynhneigðar) íbúanna. Í kirkjunni á hafsbotni hefur ljóðmælandinn fundið útrás fyrir ástir sínar og þrár en þarf að gjalda fyrir það með útskúfun úr samfélagi manna. Hann/hún hefur fundið sína eigin kirkju undir yfirborði samfélagsins þar sem syndir fá að þrífast. Að sama skapi fann skáldkonan sem orti ljóðin lausn og útrás fyrir eigin tilfinningar í ljóðabók sinni en faldi þær fyrir samfélaginu bak við dulnefni.

Heimildir

Dagný Kristjánsdóttir. 2003.

„Hinsegin raddir: Um sannar og lognar lesbíur í bókmenntum“. *Skírnir* 177(2): 451–481.

Freyr Þórarinnsson. 2011.

„Leyndarmál Kiljunnar: Hver var Arnliði Álfgeir?“ *Fréttablaðið*, 16. desember. Rafræn útgáfa: <http://www.visir.is/leyndarmal-kiljunnar--hver-var-arnliði-alfgeir-/article/2011712169987>

Freyr Þórarinnsson. 2011.

Munnleg heimild, 16. desember.

Wikipedia.org. 2012. „Ys“. Sótt 1. júní á <http://en.wikipedia.org/wiki/Ys>.

Wikipedia.org. 2012. „La cathédrale engloutie.“ Sótt 1. júní á http://en.wikipedia.org/wiki/La_cath%C3%A9drale_engloutie.

THE SUNKEN CATHEDRAL

The year 1959 saw the publishing of a book of poetry by an unknown Icelandic author hiding behind the male pseudonym “Arnliði Álfgeir”. The book, The Sunken Cathedral, raised some eyebrows and people wondered who this mysterious author could be. It wasn’t until 52 years later that it was made public that the poems – some of which told of the poet’s painful love of a woman and deep sorrow for not being able to be with her – were in fact not written by a man, but a woman. In this article, Ásta Kristín Benediktsdóttir analyses the contents of the poems and how they are but a part of the eternal history of homosexual love, a classic example of how queer writers have had to rework their emotions in their fiction.

hennar eilíf útskúfun neðansjárvar. Að sama skapi er ljóðmælandinn, ekki bara í þessu ljóði heldur í fjölmörgum öðrum ljóðum í bókinni, útskúfaður/uð eða getur ekki lifað því lífi sem

